

## 3. gr.

18. gr. orðist svo:

Skráningarmerkjum skal komið fyrir á þar til gerðum stað þar sem þau sjást vel og þau tryggilega fest. Eigi má hylja þau eða hluta þeirra. Heimilt er þó að hafa skráningarmerki í ramma sem Bifreiðaskoðun lætur í té. Ramminn skal hafa sama lit og stafir skráningarmerkisins.

## 4. gr.

3. mgr. 22. gr. orðist svo:

Skráningarmerki sem tekið er af ökutæki skal afhent Bifreiðaskoðun sem varðveita skal merkið í a.m.k. eitt ár. Sama er ef eigandi ökutækis leggur skráningarmerki inn til geymslu.

## 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30 mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1993.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreið, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, sbr. 2. gr. (3. málsl. 1. mgr. 8. gr.), má bera skráningarmerki með bláum brúnum og bláum stöfum, eftir atvikum skráningarmerki af eldri gerð, til 30. júní 1993.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

## 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	45	1905.3011	11
1806.3101	45	1905.3019	14
1806.3109	45	1905.3021	20
1806.3202	45	1905.3029	20
1806.3203	17	1905.4000	12
1806.3209	17	1905.9011	26
1806.9002	15	1905.9019	5
1806.9003	43	1905.9020	4
1806.9005	50	1905.9040	38
1806.9006	43	1905.9050	92
1806.9009	45	1905.9090	46
1905.2000	29		

## 2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

## 3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

## 4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. janúar 1993 og skal hún gilda til 31. mars 1993.

*Fjármálaráðuneytið 28. desember 1992.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Ingibjörg Þorsteinsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir vopnaleit á Keflavíkurflugvelli.

## 1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, vopnaleitargjald, fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa um Keflavíkurflugvöll.

Vopnaleitargjald skal innheimt með flugvallargjaldi skv. 7. gr. l. nr. 31/1987.

Undanþegnir gjaldskyldu eru skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

## 2. gr.

Vopnaleitargjald er kr. 60.00 fyrir hvern farþega.

## 3. gr.

Eigandi loftfars eða sá sem ábyrgð ber á rekstri þess er ábyrgur fyrir greiðslu vopnaleitargjalds.

Við brottför loftfars frá Keflavíkurflugvelli skal afhenda sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli eða eftir atvikum fulltrúa flugmálastjórnar í flugstöð skrá yfir farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.